







DEILISKIPULAGSUPPDRAÐUR 1:2000



TILLAGA AD ÚTFÆRSLU AD ÚTSÝNISPALLI SNEIDING A-A, mkv. 1:200

LEIÐBEINANDI SNEIDING B-B, mkv. 1:200



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

- Mörk skipulagssvæðs
- Sveitarfélagsmörk
- Löðarmörk (innan deiliskipulagsvæðs)
- Núv. varnargarður (4m)
- Nýr/Héðar varnargarður (4m)
- Göngustígur (3m) - að mestu í stað núv. stígs
- Nýr hjólreiðastígur (2.5m)
- Núv. aðkomuvegur v. sértila/víðhalds trygga skól öryggi vegfarenda
- Gróðuruppbygging/hjólreiðastígs
- Lágur "lágur" landslæðingarmúr - þar sem þvi er við komið Gróðuruppbygging/hjólreiðastígs
- Aðgangi að fjöru
- Útsýnispallur
- Núv. áringastaðir
- Fornminjar
- Núv. grjótlager (verður fjölkagður)
- Núv. götuhljóðing

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 41 gr. skipulagslaga nr.123/2010. var samþykkt í

þann 20. og í

þann 20.

Tilfoga var auglýst frá 20

með athugasemdafrest til 20

Auglýsing um gæðistöku deiliskipulagsins var birt í B-seldi Stjórnartíðinda þann 20

Inngangur

Strandlengjan við Eidsgranda-Ánanaust er eitt stærsta græna svæðið í Vesturbæ Reykjavíkur. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarsvæði og gegnir sem slíkt mikilvægu hlutverki í samfélaginu öllu. Nauðsynlegt er að styðja áfram jákvæða þróun þess og uppbyggingu.

1. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

1.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er landnotkun skipulagsvæðisins skilgreint sem „Strandsvæði“ – ST8 með eftirfarandi hætti:

Strandsvæði (ST). Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgangi almennings er trygggt og mannvirkjagærd er haldið í lágmarki. (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð). ST8. Eidsgrandi-Ánanaust. Strandsvæði. Gert er ráð fyrir aðgangi að sjóvarmalinu verði bætt.

1.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2. Skipulagsvæðið

2.1 Afmörkun og lega

Skipulagsvæðið er um 5.5 ha að stærð og almærkast af sveitarfélagsmörkun við Seljavörðinn til vesturs; til austurs af löðarmörkun bensinstöðvar Olís og Hreinsistöðvar Reykjavíkurborgar við Ánanaust, til suðurs af stofnbrautum Ánanaust og Eidsgranda og íbúðarbyggðinni þar og til norðurs af strandlengjunni sjálfri.

2.2 Staðhættir

Skipulagsvæðið er staðsett í jaðri Vesturbæjar; gamalgróins borgarhluta með stærki mynnd.

Innan svæðisins er að finna eina af stærri dælustöðvum borgarinnar og ýmsa fráveitubrunna og stöðvar henni tengdri. Með tilkomu dælustöðvarinnar hvarf mengun í fjöruborði og fjaran varð aftur aðlaðandi til útivistar. Við dælustöðina er útsýnisskífa og aðgangi að fjöru um tröppur yfir núverandi sjóvarmargard.

Hluti skipulagsvæðisins er bygggt á landfyllingu þ.e.a.s. svæðið austan við núv. dælustöð, en ströndin vestan hennar er heilleg og sker dröskuð.

Lokið var við gerð núv. sjóvarmargarda við Ánanaust og Eidsgranda á árunum 1995-1996.

Sjóvarmargardurinn sem liggur meðfram strandlengjunni alnir er 4m breiddur. Um er að ræða hefðbundna grjótvörn úr stórgrytti (2-5 tonn). Halli fláa er 1 : 1.5. Hæð garðsins í dag er frá 5.45- 6.4 m í hæðarkerfi Reykjavíkur. Hæð hans er að mestu miðuð við að útsýni sér frá nærliggjandi stígum, götum og húsum.

Meðfram núverandi sjóvarmargardi liggur 3m malbikaður göngu- og hjólastígur (stofnstígur)

Eidsgrandi er skilgreindur sem hjólvegur í þéttbýli og því með veghjulavarnarsvæði. Umsjón og veghaldari er Vegagerðin. Ánanaust er hins vegar borgargata skv. skilgreiningu ASK. 2010-2030 og gegnir skv. því margþættu hlutverki í borgarlíðslagsinu. Báðar göturnar eru skilgreindar sem stofnbrautir

3. Markmið deiliskipulagsins

Sem hluti af framtíðarsýn svæðisins eru hér sett fram eftirfarandi meginmarkmið :

- að bæta möguleika til útivistar og áninga allt árið um kring;
- að tryggja góð tengsl um svæðið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og stuðla að vistvænni samgöngum;
- að tryggja öryggi með bætri sjóvörn;
- að auka náttúru- og menningarleg verðmæti svæðisins eins og kostur er;
- að stuðla að sjálfbærni þróun og sjálfbæru umhverfi m.a. með gróðuruppbyggingu vanntrygja og raskaða svæða sem og styrkja það líffæri sem fyrir er;
- að stuðla að vistvænni hönnun og efnið meðferð við útfærslur mannvirkja og yfirborðs;
- að skapa kennileiti og styrkja list í almenningssými

4. Skipulagstillagan

4.1 Göngu- og hjólreiðastígur

Stígerfði verður styrkt til muna og umferðaröryggi bætt t.d. með því að aðgreina göngu- og hjólreiðastíga. Deiliskipulagið sýnir leiðbeinandi legu stíga og mun lega þeirra ákveðin við nánari hönnun svæðisins. Ekki hefur verið ákveðið hvort hjólreiðastígurinn liggji meðfram sjónum eða Ánanausti við bensinstöðina.

Stofnstígurinn er alla jafna 3m breiddur sem og tengistígur. Tengistígarnir flétta saman byggð og útivistarsvæðið og eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð. Breidd hjólreiðstígsins skal almennt vera minnst 2.5m.

Við nánari útfærslu, legu og hönnun stígganna verður sérstök áhersla lögð á öryggi og aðgangi fyrir alla. Þá skal þess gætt að hvaldar- og hjólastaði verði staðsett á lykilstaðum.

Yfirborðsefni

Stígar eru almennt malbikaðir, en yfirborðsefni áningastaða skulu taka mið af staðhættum og umhverfi við nánari útfærslu hverju sinni, t.d. timbur náttúruhellur, steinar og cortenstál.

Aðgangi fyrir alla

Rík áhersla er lögð á aðgangi fyrir alla. Má þar nefna hæðaræðstöðu yfirborð stíga, fjölgun áningastaða/þekkinga meðfram gönguleiðum, líti í yfirborðsflötum og angan gróður.

Stofnstígurinn er alla jafna 3m breiddur sem og tengistígur. Tengistígarnir flétta saman byggð og útivistarsvæðið og eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð. Breidd hjólreiðstígsins skal almennt vera minnst 2.5m.

4.2 Menningar- og náttúruminjar

Skv. Forleifaskrá eru níu fornminjar innan deiliskipulagsvæðisins. Skv. 21. gr laga um menningarmínjar 80/2012 má engin spilla, granda, breyta, hylja, laga, aflaga eða fytja úr stað menningarmínjar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Deiliskipulagsvæðið hefur í gegn um tóna verð raskað með uppþýlingum og grónarmargarði og eru því mikil að fornleitur því hornar að öllu eða að hluta. Í samræmi við 24. gr. sömu laga skulu framkvæmdir stöðvaðar og tilkynntar til Minjastofnunar Íslands ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd. Sjá nánar Fornleifaskráningu norðan Eidsgranda og Ánanausts í Reykjavík - drög að fornleifaskráningu.dags 17.11.2016.

Í deiliskipulaginu er áhersla lögð á að efla frekar aðstöðu til náttúruskoðunar og fræðslu s.s. með uppþýsingaskiltum um t.d. hafð og lífríki þess, fuglalíf svæðisins, landslag og kennileiti og sögu svæðisins. Þannig fléttast saman fræðsla um svæðið og fjölbreytt útivist.

4.3 Sjóvarmargarður

Í deiliskipulaginu er núverandi 4m sjóvarmargarður breikkaður um aðra 4m inn í land og lítilllega hækkaður. Breytingarnar miða að því að minnka ájöf sjávar og hættu á skemmdum á mannvirkjum s.s. stígum. Verður heildarbreidd garðsins að ofan um 8m og uppfyllir því skilyrði um öryggi sjóvörn.

Gert er ráð fyrir óverulegri hækkun (um 300mm). Sjónlína akandi og gangandi vegfarenda yfir sjávarflötin er varðveitt og skerðist því ekki.

Við breikkun á sjóvarmargarðinum gefst kjörð tækifæri að nýta þá sem hluta að upplifun svæðisins, t.d. með gönguleið ofaná þeim að hluta, tröppum, set- og útsýnispöllum. Gæta þarf sérstaklega að öryggi við nánari útfærslu.

Gert er ráð fyrir að grjóti á sjóvarmargarðinn verður tekið úr grjótlagerum við Ánanaust, Grafarvogi og öðrum grjótlagerum í eigu Reykjavíkurborgar.

4.4 Áningastaðir

Áningastaðir skulu styrktir frekar meðfram göngustígum innan skipulagsvæðisins. Við nánari útfærslu, staðsetningu og hönnun skal áhersla lögð á nútímalega hönnun sem jafnframt er hagkvæm í viðhaldi og rekstri. Þá skal stuðlað að byggingu á e-k. hlöðum / vörðum" þar sem göngustígur liggja inn á svæðið eða þar sem stígar liggja saman á krossgötum, bæði sem hluti af öryggi gangandi- og hjólandi og sem hluti umhverfismótunar og staðarþrýðis.

Hvatt er til listar í almenningssými og áhugaverðum kennileitum (sbr. 4.5 Útsýnispallar).

4.5 Útsýnispallar

Einn útsýnispallur er innan skipulagsvæðisins - auk þess sem fyrir er við dælustöðina - þar sem útsýni er best og umhverfagæði hvað mest. Verður hann e-k kennileiti svæðisins og byggður út frá sjóvarmargarðinum. Lögð er áhersla á vistvænni efni og nútímalega hönnun hans sem jafnframt er hagkvæm í viðhaldi og rekstri. Mannvirknið þarf að falla vel að landslagi og höfða til mismunandi gesta og markþópa. Gæta skal sérstaklega að öryggi gesta.

4.6 Aðgangi að fjöru

Aðgangi að fjöru er styrkt við Eidsgranda á tveimur stöðum. Gestir svæðisins geta því – þegar aðstæður leyfa – notið strandarinnar til útivistar og þeirra náttúrminja sem þar er að finna.

4.7 Gróðuruppbygging

Gróðuruppbygging

Í deiliskipulaginu er lagt til að gróður verði stórt hluti af yfirbragði svæðisins og ásynd þess. Lögð er áhersla á að styrkja líffræðilega fjölbreytni og að það endurspeglar í gróðurvali. Taka skal mið af staðhættum og velja strandplöntutegundir sem þrífast í návígi við hafið t.a.m. meigrasi, sæhvönn, fjörkúla, bílalíju og báðursbrá. Sérstaklega skal stefnt að því að byggja upp fjölbreytta gróðurþekku á vannýttum eða röskuðum svæðum og svæðum þar sem gróðurþekja er rýr eða fábreytt. Stefnt skal að aukinni sjálfbærni með því að hanna gróðursvæði sem krefast minni umhirðu og sem þurfa ekki slátt. Elfa skal svæðið sem uppsprettu fræðslu og náttúruupplifunar.

4.8 Grjótlager við Ánanaust

Uppsafnað stórgrytti (alt að 5 tónna steinar) við Ánanaust verður fjarlægður. Stefnt er að því að nýta grjótið til uppbyggingar innan svæðisins, t.d. sem hluta af landmótun – og stærsta grjótið jafnvel í breikkun sjóvarmargarðsins -.

4.9 Útgögn

Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígur verði upplýstir. Öll útgögn svo sem merkingar/skilti, vegvisar, bekkir, vatnspóstar, hjólastaðir, rafleysing (pollar) – ef svo þar undir -, verða samræmd yfir allt svæðið.

4.10 Efnisval

Áhersla er lögð á hagkvæma og einfalda efnisnotkun hvívetna; efni sem falla vel að umhverfi sínu, spila vel saman innbyrðis, veðrast vel og hæfa því hlutverki sem þau eiga að gegna. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi og vistræðileg gildi eru í fyrirrúmi.

4.11 Áfangaskipting

Auðvelt er að stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu svæðisins, t.d. með skiptingu í minni framkvæmdaráfangana, sem hver um sig er sjálfstæð eining stærri heildar.

5. Umhverfismat

Breikkun og hækkun sjóvarmargarðsins fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum en þar stendur í lið 10.23 - C

"Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum utan verndarsvæða, t.d. með stífugörðum, brimbjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha. Undanskilið er viðhald og endurbýgging framangreindra mannvirkja"

Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis og eru umhverfisáhrifin að mati framkvæmdaraðilna talin óveruleg.

Í töflu hér að neðan eru tekin saman þau áhrif sem breyting á sjóvarmargarðinum hefur á helstu umhverfisþætti. Hverjum umhverfisþætti er gefin einkum með táknum - (neikvæð áhrif), + (jákvæð áhrif), 0 (enginn áhrif)

Umhverfisþætti	Áhrif skipulagsáætlunar	Skýring
	- + 0	
Landslag - ásynd		X
Félagslagir þætti - útivist og tómstundir	X	Aðgangi að fjöru er styrkt á tveimur stöðum og því auðveldara að nota ströndina til útivistar.
Andrúmsloft og veðurfar	X	Ekki er gert ráð fyrir því að breyting á sjóvarmargardi hafi áhrif á andrúmsloft og veðurfar.
Mannvirki	X	Skv. Skýrslu Almennu verkfræðistofnunar "Ánanaust - Eidsgranda, sjóvarni" dags mars 2007, hefur orðið talstær af skemmdum á mannvirkjum vegna ájöf yfir garðinn. Styrking garðsins myndi því hamlta því.
Gróður	X	Styrking sjógarðs hindrar að jarðefni skolinast burt og sjór flæði ekki yfir í gróðursvæði.
Heilsa og öryggi	X	Högnun, einhverf hvaldið og slýsahættu vegna vinnuáðs getur stafað frá vinnuáðum meðan á vörðina stendur. Þetta er tímabundið og mun framkvæmdaráðili reyna að draga úr þessum neikvæðum þáttum eins og kostur er.



EIDSGRANDI - ÁNANAUST
STRANDGARÐUR

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Dag: 31.01.2014
Málkennitala: 1:2000

Tekin: nr.

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

VINNUSKIPANINGUSSTRÆT 5 101 REYKJAVÍK
SM: 311-2011
NETIANG: hornsteinar@hornsteinar.is